

# **Eining - Iðja**

**Ársreikningur 2007**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
Ársskýrsla .....	2
Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-löju 22. apríl 2008 .....	3 - 11
Áritun óháðs endurskoðanda .....	12
Áritun skoðunarmanna .....	13
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins .....	14
Yfirlit um efnahag félagsins .....	15
Rekstrarreikningur félagssjóðs .....	16
Efnahagsreikningur félagssjóðs .....	17 - 18
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs .....	19
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs .....	20
Rekstrarreikningur orlofssjóðs .....	21
Efnahagsreikningur orlofssjóðs .....	22
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs .....	23
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs .....	24
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs .....	25
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs .....	26
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs .....	27
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs .....	28
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur .....	29
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur .....	30
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-löju .....	31
Samandreginn rekstrareikningur .....	32
Samandreginn efnahagsreikningur .....	33
Sjóðstreymi .....	34
Skýringar og sundurliðanir .....	35 - 39
Fimm ára yfirlit .....	40

## Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löjla var stofnað þann 15 . maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og löjla félags verksmiðjufólks. Fullgildir félagsmenn í árslok 2007 voru 7.002.

### Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri og Dalvík. Rekstri skrifstofunnar á Ólafsfirði var hætt á árinu 2006 og gerður þjónustusamningur við Sjómannafélag Ólafsfjarðar um þjónustu við félagi í Einingu-löjlu á svæðinu.

Laun formanns á árinu námu kr. 6.384.369 og laun stjórnar kr. 1.882.200.

### Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löjlu staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með áritun sinni.

Akureyri, 17. mars 2008.

**Stjórn**

## Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-löju 22. apríl 2008

### Starfssvæði félagsins

Starfssvæði félagsins er Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Ennfremur Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Pingeyjarsýslu. Heimili félagsins og varnarþing er á Akureyri.

### Félagið í hnotskurn

Almenn starfsemi og þjónusta

Eftirtalinn fjöldi félagsmanna naut styrkja á árinu 2007:

Starfsmenntastyrkir .....	569	
Sjúkrasjóður .....	1.545	
Orlofshús og tjaldvagnar .....	590	
Orlofsferðir og leiksýningar .....	291	
<b>Samtals</b>	<b>2.995</b>	
Árið 2006 voru sambærilegar tölur	<b>2.484</b>	sem er aukning um 20,6%

<b>Lykiltölur</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>
<i>Tekjur</i>		
Félagsgjöld .....	105.112.988	89.898.293
Sjúkrasjóðsgjöld .....	66.042.208	55.506.494
Orlofssjóðsgjöld .....	32.607.025	28.010.679
Fræðslusjóðsgjöld .....	140.565	6.399.532
Húsaleiga .....	14.738.955	11.885.755
Aðrar tekjur .....	4.489.013	5.719.707
Samtals tekjur .....	<u>223.130.754</u>	<u>197.420.460</u>
<i>Gjöld</i>		
Aðrar bætur og styrkir til félagsmanna .....	61.399.549	39.777.728
Rekstur og viðhald fasteigna .....	39.978.342	25.127.026
Rekstrarkostnaður og afskriftir .....	96.427.832	93.653.273
Samtals gjöld .....	<u>197.805.723</u>	<u>158.558.027</u>
Endurbætur á orlofshúsum .....	0	(9.812.876)
Fjármagnsliðir .....	39.950.076	21.577.937
Sölutap .....	(477.141)	0
Hreinar tekjur til ráðstöfunar .....	<u>64.797.966</u>	<u>50.627.494</u>

### Helstu styrkir úr félagssjóði starfsárið 2007-2008

Mæðrastyrksnefnd .....	400.000
Gjöf til FSA til kaupa á beinþéttimæli .....	500.000
Alþjóðahúsið á Norðurlandi ehf .....	250.000
Gjöf til Hjúkrunarheimilisins Hlíðar .....	100.000

### Stjórn Einingar-löju starfsárið 2007 - 2008

Björn Snæbjörnsson, formaður

Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður

Halldóra H. Höskuldsdóttir, ritari

Anna Júlíusdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Ingvar Kristjánsson, Kristbjörg Ingólfssdóttir, Margrét Jónsdóttir, Marsibil Kristjánsdóttir og Sigríður K. Bjarkadóttir.

## Kjarasamningar starfsárið 2007 - 2008

Eftirfarandi samningar voru kynntir á stjórnarfundum síðasta árs:

Þann 24. maí 2007 var lagður fram stofnanasamningur milli SGS og Vegagerðarinnar vegna starfsmanna sinna sem eru í félögum innan SGS. Samningurinn gaf flestum 6% launahækkun frá 1. maí sl. en öðrum 3% frá sama tíma.

Þann 28. júní 2007 var lagður fram samningur sem gerður var af Einingu-löju og Verkalýðsfélagsins Vöku við tékkneska fyrirtækið Metrostav, sem er verktaki við gerð Héðinsfjarðarganganna. Þetta er fyrsti samningurinn sem gerður er við erlent fyrirtæki sem er með útselda starfsmenn og falla undir ný lög sem sett voru á Alþingi í vor. Samningurinn er tvíþættur. Annarsvegar er samningur við fyrirtækið um almenn kjaratriði. Hinsvegar um ráðningarsamning sem fyrirtækið gerir við starfsmenn sína. Skúli Thoroddsen frá SGS aðstoðaði við gerð samningsins.

Þann 17. desember 2007 var lagður fram stofnanasamningur við Heilsugæslustöðina á Dalvík. Einnig var kynntur samningur við Hreint ehf. um að fyrirtækið færi eftir samningum LN og SGS eins og hann er á hverjum tíma ef unnið væri fyrir sveitarfélög.

Þann 18. febrúar 2008 var lagður fram nýgerður kjarasamningur SGS og SA frá 17. febrúar sl. Björn Snæbjörnsson formaður félagsins, ásamt Matthildi Sigurjónsdóttur varaformanni, Önnu Júlíusdóttur formanni Matvæla- og þjónustudeildar og Ingvari Kristjánssyni formanni Iðnaðar- og tækjadeildar skrifuðu undir hann. Í samningnum er sérstaklega tekið á málum þeirra sem lægst hafa launin. Ýmis réttindamál eru líka í honum ásamt loforðum frá ríkisstjórn um úrbætur í skattamálum, húsnæðismálum og sérstaklega tekið á menntamálum.

Þann 17. mars voru lögð fram úrslit atkvæðagreiðslu um nýgerðan kjarasamning SGS og SA. frá 17. febrúar 2008:

Á kjörskrá voru 4.343, 1.202 greiddu atkvæði eða 27,7 %.

Já sögðu 976 eða 81,2 %

Nei sögðu 201 eða 16,7 %

Auðir seðlar voru 8 eða 0,7 %

Ógildir voru 17 eða 1,4 %

## Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2007

<b>A) Sjúkradagpeningar</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Upphæð</b>
Dagpeningar vegna veikinda og slysa .....	108	36.406.792
Dagpeningar vegna langveikra barna .....	6	1.523.438
Dagpeningar vegna veikinda maka .....	7	1.068.867
Dagpeningar vegna veikinda og slysa starfsmanna ríkis/sveitarfélaga .....	30	5.740.996
Dagpeningar vegna áfengisvanda .....	4	608.704
<b>B) Dánarbætur</b>	16	1.820.000
<i>Bætur samtals</i>	171	47.168.797
<b>Styrkir til félagsmanna</b>		
Sjúkraþjálfun .....	462	3.918.731
Sjúkranudd .....	188	3.170.775
Krabbameinsleit .....	371	840.000
Hjarta- og lungnastöðin og Hjartavernd .....	27	314.643
Gleraugu .....	147	1.567.103
Heymatæki .....	15	223.564
Líkamsrækt .....	150	1.084.925
Aðrir styrkir .....	14	433.000
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	1.374	11.552.741
<i>Bætur og styrkir til félagsmanna úr ssj. 2007</i>	1.545	58.721.538

## Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2007-2008

Sigrún Lárusdóttir, Aðalbjörg Sigvaldadóttir og Lára Einarsdóttir.

Varamenn: Geir Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir og Steinþór Lúthersson.

### Námskeið

Haldin voru trúnaðarmannanámskeið 1, 2 og 3 í samvinnu við Félag byggingamanna Eyjafirði og Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum. Mjög gott er að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á námskeiðin, þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum. Alls sóttu á sjötta tug trúnaðarmanna námskeiðin.

Námskeið var haldið fyrir dyraverði í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. Hátt í 30 manns sóttu námskeiðið og tókust það mjög vel.

Um 270 dyraverðir hafa sótt sambærileg námskeið á sl. sex árum.

Haldið var öflugt námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu í samvinnu við Símei og ýmsa veitingastaði hér í bænum og sóttu það 55 manns.

Önnur námskeið sem haldin hafa verið eru:

Konfektnámskeið - með 40 þátttakendum.

Jólafondur - með 30 þátttakendum.

### Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt

Á síðustu árum hefur aukist mjög að fólk fari á ýmis námskeið sér til gagns og gamans, vegna vinnunnar, til sjálfstyrkingar og tómstunda. Þetta hefur verið gert auðveldara eftir að starfsmenntasjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt voru stofnaðir. Alls sóttu 569 einstaklingar, 349 konur og 220 karlar, um einstaklingsstyrki úr sjóðunum árið 2007 samtals að upphæð kr. 16.960.988.

Aldursdreifing styrkþega fræðslusjóðanna:

44 á aldrinum 17-20 ára, 171 á aldrinum 21-30 ára, 109 eru 31-40 ára, 115 eru 41-50 ára, 91 á aldrinum 51-60 ára og 40 eru á aldrinum 61-70 ára.

### Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga .....	109
Tölvunám/námskeið .....	32
Aukin ökuréttindi .....	27
Náms- og kynnisferðir .....	84
Tungumálanám (enska, spænska o.fl.) .....	22
Framhaldsnám (einnig fjarnám) .....	45
Háskólanám (einnig fjarnám) .....	27
Starfsnám .....	148
Annað .....	36
Tómstundanámskeið .....	40

### Hverjir sóttu námskeiðin?

Almennir starfsmenn .....	351
Sveitafélagsstarfsmenn .....	193
Ríkisstarfsmenn .....	25

Tengiliður við Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt er Brynja Skarphéðinsdóttir og hefur hún einnig umsjón með þeim námskeiðum sem félagið heldur.

## Orlofsmál

Á árinu 2007 voru sautján og hálf orlofshús og þrjár og hálf íbúð í eigu félagsins. Sjúkraíbúðin í Reykjavík er ekki talin með. Félagið tók á leigu fjögur og hálf orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið og tvær íbúðir í Kaupmannahöfn til viðbótar yfir sumarið, einnig úthlutaði félagið 120 orlofsstyrkjum sem við köllum “vika að eigin vali”.

Vetrarleiga hefur verið ágæt og hefur aukist ár frá ári en mætti vera meiri.

Búið er að setja upp heita potta við öll húsin á Illugastöðum, tvö hús á Einarstöðum, í Svignaskarði og við húsið okkar í Tjarnargerði.

Íbúðirnar okkar í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja og nú um síðustu áramót komu til viðbótar tvær íbúðir í Reykjavík, sem Vaka á Siglufirði átti.

## Nýting orlofshúsa 2007

	sumarvikur	sumarhelgar	vetrarvikur	vetrarhelgar
Illugastaðir (4) .....	51	24	10	126
Flókalundur í Vatnsfirði (1) .....	10			
Einarstaðir (1) .....	14	2	2	1
Svignaskarð (1) .....	11	2	2	19
Tjarnargerði (0.55%) .....	7		2	6
Reykjavík (3,5) .....	49		135	
Egilsstaðir (1) .....	13		1	

Félagið var með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum:

Einarstaðir (2) .....	22
Munaðarnes/Stóruskógar (3) .....	32
Klifabotn í Lóni (1) .....	10
Brekkuskógur (2) .....	20
Ölfusborgir (1) .....	11
Úlfjótuvatn (1) .....	10

Húsnæði sem félagið leigði:

Garðshorn .....	8
Súðavík .....	6
Kaupmannahöfn .....	21

“Vika að eigin vali” 120 styrkir, hver að upphæð kr. 13.000.-

Nú í sumar verður félagið með tvær íbúðir í Kaupmannahöfn og eina í félagi við FBE á Spáni.

## Orlofsferðir og leiksýningar

Félagið stóð fyrir þremur ferðum sumarið 2007:

45 fóru í orlofsferð til Noregs

36 fóru í ferð í Kerlingafjöll, Landmannalaugar og Þjórsárdal.

Svo fóru 110 manns í eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn til Húsavíkur, Mývatnssveitar og víðar.

## Atvinnuleysisbætur

Nokkrir af félagsmönnum Einingar-löju hafa verið atvinnulausir á árinu 2007, eða 310, 123 karlar og 187 konur. Þetta er fækkun um 149 einstaklinga á milli ára.

Hámarksbætur fyrir einstakling frá 1. febrúar 2008 eru kr. 6.277 fyrir hvern virkan dag, eða um það bil kr. 136.015 á mánuði að meðaltali.

## Fundir hjá félaginu

Stjórn Einingar-löju hélt 12 stjórnarfundi á starfsárinu.

Margt var tekið fyrir á þessum fundum m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild.

Helstu mál sem tekin hafa verið fyrir á stjórnarfundum félagsins:

Á fyrsta fundi þann 24. maí kynnti Hermann Brynjarsson endurskoðandi félagsins niðurstöður á útboði á bankaþjónustunni. Þrír aðilar sendu inn tilboð þ.e. Glitnir, Landsbankinn og Sparisjóður Norðlendinga. Hermann lagði til að tilboði Sparisjóðs Norðlendinga yrði tekið, þar sem það kemur best út gagnvart ávöxtun á innlánsreikningum. Stjórnin samþykkti tillöguna.

Á sama fundi voru lagðar fram upplýsingar um skoðanakönnunina sem gerð var á vinnustöðum félagsmanna 14.-16. maí sl. Rúmlega þúsund félagsmenn tóku þátt í könnuninni. Niðurstaða spurningarinnar um þjónustu félagsins var mjög jákvæð.

Á öðrum fundi þann 28. júní var lagt fram tilboð til félagsins frá EJS um hýsingu og fleira á tölvugögnum fyrir félagið, einng um leigu á símakerfi. Fyrir fundinum lá hagkvæmisathugun frá Hermann Brynjarssyni. Stjórnin samþykkti að taka tilboði frá EJS.

Á sama fundi kynnti formaður bréf dags. 21. júní sl. sem formenn Einingar-löju, Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, Félags byggingarmanna Eyjafirði, Sjómannafélags Eyjafjarðar og Félags verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrennis sendu stjórn Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði þar sem boðið er upp á viðræður við stjórnina um að félagsmenn Vöku gangi í áður nefnd félög og jafnframt muni félögin tryggja sameiginlega þjónustu við þá á Siglufirði. Stjórnin fól formanni og varaformanni umboð til að fylgja málinu eftir ef til viðræðna kæmi.

Einnig var á sama fundi tekin fyrir fyrirspurn frá stéttarfélagunum á þriðju hæð í Alþýðuhúsinu hvort ekki væri hægt að semja við Einingu-löju um að skrá fyrir þau félagsgjöldin og stemma þau af. Stjórnin tók jákvætt í hugmyndina.

Ákveðið var að stjórn og starfsmenn félagsins færu í vináttuheimsókn til Verkalýðsfélags Vestfirðinga 7. til 9. september nk.

Á fundinum 16. október var tekin ákvörðun um að ráða starfsmann sem hafi góða tölvu- og málakunnáttu í 100% starf á skrifstofuna á Akureyri. Capacent- ráðningar var fengið til að sjá um að auglýsa og taka á móti umsóknum. Alls sóttu 36, mjög hæfir einstaklingar, um starfið. Nicole Kristjánsson var ráðin. Hún er háskólamenntuð frá Þýskalandi í stjórn málafræði, sögu, jarðfræði og kennslu.

Á sama fundi var lagður fram eftirfarandi sameiningarsamningur við Vöku á Siglufirði:

1. Almenn deild verkafólks í Vöku sameinast Einingu-löju.
2. Allar ofangreindar deildir og félög eru aðilar að Alþýðusambandi Íslands í gegnum viðeigandi landssambönd og verður engin breyting þar á.
3. Samningur þessi skal afgreiddur í almennri allsherjaratkvæðagreiðslu innan hvers félags fyrir sig og skal afgreiðslu
4. Hin viðtakandi félög skuldbinda sig til þess að reka sameiginlega þjónustuskrifstofu á Siglufirði sem mönnum verði a.m.k. með einum starfsmanni í 75% starfshlutfalli. Þau eru sammála um að Eining-löja annist rekstur hennar sem fjármagnaður verði í hlutfalli við stærð einstakra deilda og félaga. Núverandi starfsmaður Vöku haldi starfi sínu áfram með öllum réttindum og skyldum. Skrifstofan taki til starfa þegar við gildistöku þessa samnings.

Á sama fundi var tekin ákvörðun um að segja upp samningum við Fremri ehf. sem hefur séð um Einingar-löjublaðið, ásamt heimasíðu félagsins og fleira. Ráða starfsmann í staðinn til að sjá um þessi mál ásamt öðrum störfum. Samþykkt var að ráða Ásgrím Hallgrímsson sem hefur séð um heimasíðuna og blöðin sem starfsmaður Fremri ehf.

Á fundi þann 7. nóvember var ákveðið að atkvæðagreiðsla um sameiningu Vöku og félaganna í Alþýðuhúsinu verði 15., 16. og 19. nóvember nk. og verða kjördeildir í Einingar-löjusálfnum, skrifstofu félagsins á Dalvík, í gamla skólahúsinu á Grenivík, skrifstofu Sjómannafélags Ólafsfjarðar og í versluninni Eyjaljós í Hrisey. Kjölfundur stendur frá kl. 10:00 til kl. 20:00 alla dagana. Talið verður þann 20. nóvember kl. 17:00.



Á fundi þann 17. desember var kynnt eftirfarandi niðurstaða sameiningarkosningar við almennu deild Vöku:

Á kjörskrá voru alls 6633.

Atkvæðagreiðslan fór fram 15., 16. og 19. nóvember.

Atkvæði greiddu	196
Já sögðu	181
Nei sögðu	10
Auðir seðlar	5

Sameiningin var því samþykkt.

Á fundi þann 24. janúar var samþykkt að setja Suðurgötu 10 á Siglufirði á söluskrá. Húsnæðið er mjög óhentugt til þess að vera með skrifstofu þar, brattir stigar og alls enginn aðgangur fyrir fatlaða eða gamalt fólk.

Einnig var á fundinum ákveðið að bjóða eldri félagsmönnum í Freyvangssleikhúsið á „Þið munið hann Jörund“ alls fóru 110 félagsmenn í leikhúsið.

Á fundi þann 17. mars var ákveðið að kaupa Eyrarveg 24 á Siglufirði fyrir skrifstofuna á Siglufirði. Húsnæðið er á jarðhæð, um 150 fermetrar. Endurnýja þarf allt að innan og klæða húsið að utan. Ákveðið að bjóða verkið út á félagssvæðinu. Gert er ráð fyrir verklokum í september nk

Trúnaðarráð hélt tvo fundi á starfsárinu. Þar var m.a. fjallað um uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð og fulltrúa á ársfund Alþýðusambands Íslands, þing Starfsgreinasambands Íslands og Alþýðusambands Norðurlands. Á báðum trúnaðarráðsfundum voru haldin erindi.

Á fyrri fundinum var Starfsendurhæfing Norðurlands kynnt af Geirlaugu G. Björnsdóttur framkvæmdastjóra. Þar kom fram að mikill árangur hefur náðst. 73% þeirra sem þar hafa verið eru komnir í vinnu eða nám.

Á seinni fundinum flutti Magnús Norðdal, lögfræðingur ASÍ, fróðlegt erindi um félagafrelsi og stéttarfélögin. Hann kom víða við í máli sínu, fór m.a. örstutt yfir sögu verkalyðshreyfingarinnar, hvernig stéttarfélögin eru byggð upp og slíkt. Hann sagði að um 90% vinnandi fólks á Íslandi væru í stéttarfélagi, sem er einstakt, og benti á að í Frakklandi væri talan 10% og undir 10% í Bandaríkjunum. Magnús fjallaði ítarlega um félagafrelsi og félagsgjöld. Hann minnti á að atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsmanna iðgjaldi þeirra til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina. Fjörugar umræður urðu um erindið og tóku fjölmargir til máls.

Uppstillinganefnd kom saman tvisvar og gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Samninganefnd félagsins kom fjórum sinnum saman til funda og allt upp í dagsfund í september í Sveinbjarnargerði þar sem tillögur félagsins til Starfsgreinasambandsins voru mótaðar. Aðrir fundir voru kynningar og ákvörðunarfundir.

## Fundir á svæðum utan Akureyrar

Almennir félagsfundir voru haldnir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar í janúar á Siglufirði og febrúar annarsstaðar í tengslum við kynningu á nýjum kjarasamningi SGS og SA. Þar sem kosnir voru svæðisfulltrúar og varasvæðisfulltrúi eftir nýju lögum félagsins.

Svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í aðalstjórn félagsins

## Aðalfundir starfsgreinadeilda

Aðalfundir starfsgreinadeildanna voru haldnir þann 12. mars og var sama fyrirkomulag á fundunum eins og á síðasta ári. Allir fundirnir byrjuðu á sama tíma á sama stað, en var síðan skipt upp. Er það mál manna að þetta sé gott fyrirkomulag.

Í upphafi á sameiginlega fundinum flutti Halldór Guðmundsson, félagsráðgjafi hjá Reyni ráðgjafastofu, erindið „Sorg og áföll og hlutverk nærumhverfisins.“

Eftir þetta erindi var fundarmönnum skipt niður eftir deildum í hina ýmsu sali á Hótel KEA.

Allir þessir fundir tókust vel en voru misvel sóttir, eins og alltaf.

Að meðaltali hafa verið haldnir fjórir stjórnarfundir á ári í hverri starfsgreinadeild.

Formenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins svo og varaformaður stærstu deildarinnar. Varaformenn eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

## Fundir og ársfundir

Ársfundur Alþýðusambands Íslands var haldinn í október sl. Eining-löjja átti 10 fulltrúa á fundinum.

Þing Starfsgreinasambands Íslands var haldið í október sl. í Reykjavík. Eining-löjja átti 15 fulltrúa á þinginu.

30. þing Alþýðusambands Norðurlands var haldið um mánaðamótin september/október sl. Á Illugastöðum í Fnjóskadal Eining-löjja átti 61 fulltrúa á þinginu.

Aðalmál þessara ársfunda og þinga voru kjara- og skipulagsmál.

Fundum með erlendum starfsmönnum hefur fjölgað og eru þeir ekki færri en 20 á síðasta starfsári. Fjölmennustu fundirnir voru með starfsmönnum við Héðinsfjarðargöng í samstarfi við Vöku á Siglufirði.

Einnig hélt félagið, í samstarfi við Alþjóðastofu hér á Akureyri, kynningafundi á Akureyri og Dalvík um réttindi og skyldur. Á þessa fundi mættu hátt á annað hundrað manns.

Á kynningarfundunum sem haldnir voru um nýjan kjarasamning voru í heildina jafn margir af erlendu bergi brotnir og íslensku.

Margir aðrir fundir voru haldnir t.d. vinnustaðafundir og fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa fundi fyrir hönd þess.

## Breyting á lögum félagsins

Vegna sameiningar Einingar-löjju og Vöku á Siglufirði þörfuðust lög og reglugerð félagsins um svæðisfulltrúa nokkurra breytinga. Þær fólust annars vegar í fjölgun í stjórn félagsins um einn og hins vegar um fjölgun fulltrúa frá þéttbýlissvæðum utan Akureyrar úr fjórum í fimm. Einnig breytingar á samsetningu á samninganefnd. Samhliða atkvæðagreiðslunni um sameininguna var kosið um lagabreytingarnar. Þær voru samþykktar með 91% atkvæða þeirra sem tóku þátt.

## Framkvæmdir hjá félaginu

Framkvæmdir á vegum félagsins voru aðallega á íbúðum í Reykjavík þ.e. Ljósheimum 12 og 14. Unnið var að endurbótum og breytingum á orlofshúsinu í Tjarnargerði. Einnig var skrifstofa félagsins á Akureyri í endurhönnun vegna aukinna verkefna og fjölgunar á starfsmönnum.

Ennfremur hefur verið farið í almennt viðhald annarsstaðar.

## Kynnisferðir

Stjórn og starfsmenn Einingar-löjju fóru í kynnisferð til Danmerkur í desember sl. Til þess að kynna sér starf systurfélaga í Kaupmannahöfn þar var farið í heimsókn til 3F sem er eitt stærsta sambandið í Danmörku í stíl við Starfsgreinasambandið. Þar voru erindi um allt mögulegt í þeirra starfi og ekki síst hvernig þeirra fræðslumálum er háttað. Mikil ánægja var með þessa heimsókn og margt sem við getum lært af þeim.

## Vináttuheimsókn

Síðastliðið haust fóru stjórn og starfsmenn Einingar-löðu í vináttuheimsókn til Verkalýðsfélags Vestfjarða. Heimsóknin tókst mjög vel í alla staði og treysti enn betur vináttuböndin á milli félaganna.

## Þjónusta á skrifstofum félagsins

Álagið á skrifstofum félagsins var mikið, eins og oft áður, og þá einkum að svara fyrirspurnum félagsmanna varðandi kaup og kjör og hefur það vaxið mjög undanfarin fimm ár og er greinilegt að fólk er áhugasamara nú en áður um rétt sinn. Einkum er það unga fólkið sem er að skila sér og tel ég að það sé afleiðing af fræðslustarfinu sem félagið hefur beitt sér fyrir í tíundabekkjum grunnskólanna á Eyjafjarðarsvæðinu. Einnig hefur verið farið með fræðslu í Verkmenntaskólann á Akureyri. Mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn félagsins við að túlka samninga.

Nokkuð er um að ný lög um fæðingarorlof hafi ekki skilað sér nægilega vel til launþega og ekki heldur til atvinnurekenda.

Því miður koma upp á hverju ári mál er varða einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum og eru þessi mál þau erfiðustu sem starfsmenn félagsins koma að.

Einnig eru nokkuð mörg mál í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum hjá fyrirtækjum.

Á skrifstofur félagsins var hringt inn síðastliðna 12 mánuði 20.502 símtöl, þ.e.a.s. 1.709 á mánuði eða 83 símtöl að meðaltali á dag, alla virka daga sem opið er. Aukningin milli ára er um 15%.

Miðasala í göngin er þjónusta sem félagið stendur fyrir og er heilmikið notuð, á árinu 2007 spöruðu Einingar-löðufélagar sér 4.400.000 krónur á því að kaupa miðana hjá félaginu.

## Útgáfa og kynningarmál

Félagið gaf út, eins og venjulega, þrjú blöð á árinu orlofsblað, sumarblað og desemberblað sem er stærst. Sumarblaðið og desemberblaðið hafa verið borin út í öll hús á félagssvæðinu í rúmlega 10.000 eintökum og hefur það mælst vel fyrir. Kynningarþjónustan Fremri vann blaðið eins og undanfarin ár.

Heimasíðan var vel virk á árinu og sá Fremri um hana, en frá 1. mars 2008 sjáum við sjálf um blöðin og heimasíðuna.

Eins og ég sagði áðan er heimasíðan vel virk og reynum við nú að birta allar nýjustu fréttir frá félaginu á henni. Í lok janúar 2007 var heimasíðan skráð í virka vefmælingu hjá Modernus, sem er fyrirtæki sem sér m.a. um að fylgjast með heimsóknum á heimasíður. Nú getum við fengið ítarlegar upplýsingar um hversu margir einstaklingar heimsækja vefinn, hve lengi þeir dvelja á hverri síðu vefsins, meðalinnitíma á sólarhring, hvaðan þeir koma - auk fjölda annarra upplýsinga. Vikulegar flettingar á síðunni hafa farið í um 3.500, á bak við þær flettingar voru um 750 notendur. Frá því mælingar hófust hafa átt sér stað rúmlega 100.000 flettingar á síðunni.

Þeir sem áhuga hafa á að fá sendan tölvupóst þegar síðan er uppfærð eða frétt sett inn á hana geta skráð sig á einfaldan hátt á póstlista félagsins. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á ein.is og smella á hlekk sem er til vinstri á heimasíðunni merktur Skráning á póstlista.

**Félagatal:**

Ár	Aðalfélagar	Félagatal svæðisráða
2007	7.002	1.529
2006	6.669	1.281
2005	5.518	1.078
2004	5.471	1.074
2003	5.443	1.052
2002	5.441	1.035
2001	5.235	1.015

Félagatal starfsgreinadeildir	2007	2006	2005	2004
Opinbera deildin	2.029	1.694	1.448	1.662
Matvæla- og þjónustudeild	2.489	2.263	1.795	2.138
Iðnaðar- og tækjudeild	1.451	1.153	835	1.125

Inn í tölum 2004 eru gjaldfríir. Gjaldfríir eru ekki með í tölunni 2005 og 2006, en það ár eru þeir 940 talsins.

Inn í tölum 2007 eru ekki gjaldfríir en þeir eru 963 talsins.

Félagsmönnum hefur fjölgað á milli ára vegna sameiningarinnar við Siglufjörð.

**Félagsgjald**

Félagsgjald er 1,30% af öllum launum, sem skiptist þannig að 1% fer í félagssjóð, 0,25% í vinnudeilusjóð og 0,05% í fræðslusjóð.

Ekki er innheimt lágmarksgjald.

**Starfsmenn**

Sömu starfsmenn voru hjá félaginu árið 2007 og árið á undan. Þ.e. Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Margrét Einarsdóttir, Matthildur Sigurjónsdóttir, Sigrún Lárusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson, auk þess kom inn í afleysingar Ester Emilsdóttir. Nýr starfsmaður var ráðin á árinu, Nicole Kristjánsson. Margrét Jónsdóttir var starfsmaður á Siglufirði og kom inn til okkar um áramótin og Ásgrímur Örn Hallgrímsson var ráðinn frá 1. mars 2008.

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til félagsmanna og stjórnar Einingar - löju.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Einingar - löju fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag, rekstrar- og efnahagsreikninga fyrir félagssjóð, vinnudeilusjóð, sjúkrasjóð, orlofssjóð, fræðslusjóð, byggingarsjóð, hússjóð Dalvíkur og skrifstofu, samandreginn rekstrar- og efnahagsreikning og skýringar ásamt 5 ára yfirliti.

#### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

#### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

